



Stjórn SSH 357. fundur

Mánudaginn 13. desember 2010 kl.12:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Nýkjörinn formaður, Ásgerður Halldórsdóttir setti fund og stýrði.

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2011

Undir þessum lið var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir rekstur skíðasvæðanna 2011 og fyrirbyggjandi fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna.

Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna sat fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2011. Jafnframt var upplýst um fyrirbyggjandi hugmyndir í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar um framlög á næsta ári til þessa verkefnis.

Umræður.

Niðurstaða:

Beðið verður með frekari umræðu um rekstur skíðasvæðanna þar til fyrir liggur niðurstaða í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar um framlög til rekstrarins fyrir árið 2011.

2. SSH – samstarf sveitarfélaganna, framtíðarsýn o.fl.

Fyrir lá eftirfarandi:

a) Tillaga að „erindisbréfi framtíðarhóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“

Tillagan samþykkt með þeirri breytingu á skipan hópsins að hann myndi 5 stjórnarmenn: Dagur B. Eggertsson, formaður, Guðmundur Rúnar Árnason, Guðrún Pálsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.

b) Byggðasamlögin – tillaga að rekstrar- og stjórnsýsluúttekt.

Tillagan samþykkt – framkvæmdastjóra falið að kalla til fundar til undirbúnings fyrir næsta fund framtíðarhópsins.



3. Heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið

Fyrir lá erindi bæjarráðs Kópavogs frá 23.11.2010 v. breytinga á vatnsvernd við Myllulæk. Ennfremur lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra vegna upplýsingasamantektar vegna heildarendurskoðun vatnsverndar og tillaga um skipan sérstaks stýrihóps fyrir það verkefni.

Niðurstaða

Tillaga framkvæmdastjóra um skipan stýrihóps samþykkt og framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningum frá aðildarsveitarfélögunum.

4. Drög að stefnumótun um almenningssamgöngur

Fyrir lágu til kynningar drög að stefnumótun um almenningssamgöngur sem unnið er að á vegum samgönguráðuneytis. Ennfremur lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi með stjórn og fulltrúum ráðuneytisins til að ræða sérstakleg aðkomu ríkisins að eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

5. Önnur mál:

a) Erindi Kópavogsbæjar vegna úttekta á útgjöldum sveitarfélaga umfram lögbundin verkefni.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skoðun á möguleikum til úrvinnslu verkefnisins.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóri vinnur áfram að máli m.v. umræður á fundinum.

b) Erindi Kópavogsbæjar v. þátttöku ríkisins í greiðslu húsaleigubóta á árinu 2009.

Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga m.v. umræður á fundinum og ábendingu Guðrúnar bæjarstjóra í Kópavogi.